

95
28. maí

REGLUR

um veitingu hópferðaleyfa.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um veitingu hópferðaleyfa.

1. gr.

Óheimilt er að aka hópferðir, ferðir á héraðsmót, fjölsóttar skemmtanir og því um líkt með stærri bifreiðum en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema að hafa til þess sérstakt hópferðaleyfi frá ráðherra.

2. gr.

Hópferðaleyfi má veita öllum sérleyfishöfum, svo og þeim öðrum, er hlotið hafa meðmæli skipulagsnefndar fólksflutninga til þess.

3. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast útgáfu hópferðaleyfa f. h. ráðherra.

4. gr.

Hópferðaleyfi skal miðað við ákveðna ferð á ákveðinni leið. Binda skal hópferðaleyfi skilyrðum um notkun ákveðinna bifreiða og ákveðið gjald fyrir bifreiðina á hvern km, sbr. 5. gr.

5. gr.

Póst- og símamálastjórnin ákveður gjaldskrá fyrir hópferðaakstur að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga.

6. gr.

Fyrir hópferðaleyfi skal greiða gjald, er að upphæð samsvari sérleyfisgjaldi því, er sérleyfishöfum ber að greiða samkvæmt 6. gr. nefndra laga.

7. gr.

Í hópferðaakstri er skylt að hafa jafnan hópferðaleyfin með í bifreiðunum og skulu þau fest innan á framrúðu bifreiðarinnar. Er skylt að sýna þau eftirlitsmönnum, ef þeir óska þess.

8. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum samkvæmt lögum nr. 22 30. janúar 1945. Brjótí sérleyfishafar, eða aðrir sem póst- og símamálastjórnin hefur veitt réttindi til hópferðaaksturs, reglur þessar, er heimilt að svipta þá þeim réttindum þegar í stað.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar í stað gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Póst- og símamálaráðherra, 28. maí 1951.

Björn Ólafsson.

Guðmundur Hliðdal.